

**HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR**  
**MAGNÚS THORODDSEN**

SILUNGAKVÍSL 23 – 110 REYKJAVÍK – TEL 5671555 – GSM 8994815

---

## TIL ATVINNUVEGANEFNDAR ALÞINGIS.

Háttvirtu nefndarmenn!

Ég vitna til fundar, er ég átti með yður hinn 10. desember 2012 þar sem fyrirbyggjandi frumvarp til stjórnskipunarlaganna var til umræðu. Lofaði ég nefndarmönnum, að svara skriflega nokkrum spurningum, er ég var ekki reiðubúinn til að svara munnlega á fundinum. Spurningarnar voru þessar:

1. Hvort álagning sérstaks kolefnisskatts samkvæmt lögum um skattlagningu á kolefnisvinnslu nr. 109/2011 geti talizt fela í sér að innheimt sé nægilegt gjald í skilningi 4. mgr. 34. gr. frumvarps til stjórnskipunarlaganna um að stjórnvöld geti aðeins veitt til afnota eða hagnýtingar náttúruauðlinda, að fyrir það sé greitt fullt gjald?

Svar við 1.: Verði frumvarpið til stjórnskipunarlaganna lögfest tel, að það hafi ekki afturvirk áhrif á lög nr. 109/2011, sem þegar hafa tekið gildi.

Varðandi hugtakið “fullt gjald” í 4. mgr. 34. gr lagafrumvarpsins til stjórnskipunarlaganna tel ég, að það hafi sömu merkingu og hugtakið “fullt verð” í 13. gr. lagafrumvarpsins um eignarréttinn. Við mat á því er algengast, að miða við það verð, sem fengist fyrir viðkomandi eign í kaupum og sölum manna á milli á frjálsum markaði, ef slík viðmiðun er tæk. Nú kann að vera að slíkt verð sé ekki til, eignin sé ekki á almennum markaði eða, að kaupendur finnist ekki að henna vegna sérstaks eðlis hennar. Hún sé samt ekki verðlaus og hafi sérstakt gildi fyrir eigandann eða afar þröngan hóp manna. Þá verður að leitast við að semja um verðið ( t.d. í eignarnámsmálum). Takizt það ekki, þá verður að biðja um mat dómkvaddra manna og jafnvel yfirmat. Það sem út úr því kæmi teldist þá “fullt verð”, nema því væri hnekkt af dómstólum.

Ég vil vekja athygli á því, að lög nr. 109/2011 eru nýmæli í lögum á Íslandi. Engin reynsla er enn fengin á þau. Eg sé satt að segja ekki fyrir mér, hvernig mat á skattlagningu á kolefnisskatti geti verið annars staðar en hjá Alþingi. Það hafi endanlegt mat í þessu efni með sinni löggjöf. Ég vil vekja athygli á því í þessu sambandi, að Hæstiréttur Íslands hefir iðulega sagt í sínum dómum, að Alþingi hafi endanlegt mat á hugtakinu “almenningsþörf” í 72. gr. Stjórnarskránnar um eignarréttinn.

2. Hvort áskilnaður 4. mgr. 34. gr. frumvarps til stjórnskipunarlaganna um að stjórnvöld geti aðeins veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar náttúruauðlinda, að fyrir það sé greitt fullt gjald, muni koma í veg fyrir, að Alþingi ákveði að byggja fjárhæð gjalda vegna nýtingarleyfa á byggðasjónarmiðum?

Svar við 2.:Já ég tel það. En til þess að tryggja byggðahagsmuni tel ég rétt að veita byggðunum sérstakan byggðakvóta. Sá kvóti sé boðinn upp á frjálsum markaði með þeim takmörkunum, að hann megi ekki selja út úr viðkomandi byggð, meðan nýtingartíminn varir og hann verði aðeins seldur milli sömu bátaflokka.

3.Hvernig ber að túlka 2. málsl 2. mgr. 34. gr. frumvarps til stjórnskipunarlaga, þ.e. að í eignarlöndum takmarkist réttur eigenda til auðlinda undir yfirborði jarðar við venjulega hagnýtingu fasteignar í ljósi dóma Hæstaréttar Íslands frá 21. febrúar 2008, hrd nr. 644/2006 og nr. 645 2006?

Ég hef kynnt mér téða hæstaréttardóma og tel þá ekki hafa fordæmisgildi varðandi nýtingu og eignarrétt jarðhitaréttinda undir yfirborði jarðar. Eins og ég sagði á ofangreindum fundi mínum með með háttvirtum nefndarmönnum atvinnuveganefndar er það skoðun mín, að orðið sé of seint fyrir löggjafann að takmarka nýtingarrétt þennan miðað við tiltekna dýpt undir yfirborði jarðar, sérstaklega í ljósi þess, hversu hitaveitur hafa þegar borað djúpt ( 2 km) og hyggja á enn dýpri boranir, eftir upplýsingum, er ég hafi aflað mér. Hér verður og að hafa í huga jafnréttisákvæði 65. gr. Stjórnarskrárinnar.

Reykjavík, 12. Desember 2012.

Virðingarfyllt

Magnús Thoroddsen.

